

Mál nr. 96/2019

**M og
V vegna heimilistryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu.**Gögn.**

Málskot, dags. 06.03.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 13.03.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að dóttir M hér nefnd D hafi verið á dansgólfi skemmtistaðar 23. febrúar 2019 þegar henni hafi verið haldið og símanum hennar rænt úr rassvasanum. Hún hafi ekki séð þjófinn en margt hafi verið um manninn og frekar dimmt. M tilkynnti málið til V og kemur þar fram að síma hafi verið stolið úr vasa D á kaffihúsinu P. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að váttryggingin næði ekki til tjóns vegna þjófnaðar samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Í framhaldinu tilkynnti D um rán hjá lögreglunni í Reykjavík og kemur þar fram að það hafi verið gripið í hana aftanfrá og henni haldið meðan síminn var tekin úr rassvasanum. Hún hafi ekki getað fundið út hver tók símann.

Í bréfi V kemur fram að bótasvið váttryggingarinnar sé tæmandi talið í 4. gr. skilmálans og atvikalýsing M eigi ekki þar undir. Hins vegar komi fram í gr. 5.1. í 11. kafla að váttryggingin bæti ekki tjón vegna þjófnaðar og hafi V hafnað bótaskyldu. Síðan hafi komið önnur atvikalýsing en var í upphaflegu tilkynningunni þegar lögregluskýrsla var gerð. Ekki sé hægt að fallast á bótaskyldu þegar tjónþoli breyti frásögn sinni og verði að styðjast við upphaflega tjónstilkynningu M vegna málsins. Með vísan til þeirrar atvikalýsingar sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um atvikalýsingu þegar síma var stolið úr rassvasa D. V hafnaði bótaskyldu miðað við fyrstu atvikalýsingu á grundvelli gr. 5.1. í 11. kafla skilmála fyrir heimilistrygginguna þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki tjón vegna þjófnaðar. Þegar höfnun V lá fyrir var þjófnaðurinn tilkynntur til lögreglu og var atvikalýsing þá breytt og tilkynnt um rán. Þegar svo háttar til eins og í máli þessu verður að leggja til grundvallar upphaflega lýsingu á málsatvikum þar sem tilkynnt var um þjófnað. Með vísan til þess verður að telja að um þjófnað hafi verið að ræða samkvæmt gr. 5.1. í 11. kafla skilmála heimilistryggingarinnar og ber V því ekki bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu hjá V vegna þjófnaðar á síma D.

Reykjavík, 10. apríl 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson, lögsm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.